# Námsáætlun fyrir ensku - 8. bekkur
# skólaárið 2019 – 2020

**Kennari:** Margrét Ósk Einarsdóttir
**Tímafjöldi:** 4 kennslustundir

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hlustun** | **Nemandi getur:**<br>• Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. | Nemendur hlusta á fjölbreytt hlustunarefni. | Hlustunarefni úr námsefninu. Hlustun er hluti af kafla- og annarprófum. |
| **Lesskilningur** | **Nemandi getur:**<br>• Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.<br>• Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög. | Nemendur eru þjálfaðir í vandlega lesnum texta og skilningi á mæltu máli.<br>Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna með þá á ýmsan hátt.<br>Nemendur vinna verkefna- og vinnubókavinnu út frá fjölbreyttum texta. | Lesskilningur er prófaður í kaflaprófi. |
| **Samskipti** | **Nemandi getur:**<br>• Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.<br>• Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, | Lögð verður áhersla á það að kennarar og nemendur tali saman á ensku í kennslustundum.<br><br>Nemendur tjái sig á ensku um upplifanir sínar reglulega. | Metið verður hvort nemandi taki virkan þátt í munnlegum samskiptum innan bekkjarins á enskri tungu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | á veitingastöðum og á ferðalögum. | Umræðutímar þar sem nemendur geta skipst á skoðunum og geri sig skiljanlega á ensku. | |
| **Frásögn** | **Nemandi getur:**<br>• Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.<br>• Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. | Umræðutímar þar sem nemendur geta skipst á skoðunum og gert sig skiljanlega á ensku. | |
| **Ritun** | **Nemandi getur:**<br>• Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.<br>• Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. | Nemendur skrifa setningar og samfelldan texta.<br><br>Nemendur vinna með ákveðna málfræðiþætti sem skilar sér í ritun. | Ritun er hluti af kaflaprófi.<br><br>Ýmis ritunarverkefni eru metin til einkunnar. |
| **Menningarlæsi** | **Nemandi getur:**<br>• Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. | Nemendur lesa texta sem innihalda upplýsingar um líf ungs fólks í landinu. Nemendur taka þátt í umræðum um hvað er líkt og ólíkt á milli landanna. | Verkefnavinna. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Námshæfni** | **Nemandi getur:**<br>• Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.<br>• Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. | Nemendur þjálfast í glósutækni og hvernig þeir nýta glósur sínar í náminu.<br>Nemendur fá tækifæri til þess að nýta sér veraldarvefinn í námi; netorðabækur, gagnvirkir vefir, upplýsingaleit.<br><br>Nemendur fá þjálfun í því að vinna sem einstaklingur og í para- og hópavinnu.<br>Ætlast er til að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu, að þeir sýni ábyrgð á námi sínu og að þeir temji sér vandvirk vinnubrögð. | |

**Námsgögn:**
Spotlight 8 – Textbook
Spotlight 8 – workbook
Enskar smásögur. Kjörbækur undir handleiðslu kennara.
Kvikmyndir og tónlist, ýmis verkefni af netinu og ljósrit frá kennara.

**Lokanámsmat:**
Kaflapróf- megináhersla verður lögð á lesskilning, málfræði og málnotkun.
Þemaverkefni
Vinnubrögð/vinnubók
Ritunarverkefni

Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D